

Námskrá leikskólans Kirkjugerðis

2019-2020



Leikskólinn Kirkjugerði

Leikskólinn Kirkjugerði

Dalhrauni 1

900 Vestmannaeyjar

Sími: 488-2280

Efnisyfirlit

1. Um leikskólann Kirkjugerði.....	3
1.1 Saga og húsnæði.....	3
1.2 Yfirstjórn	3
1.2 Námskrá Kirkjugerðis.....	3
1.3 Starfsáætlun	4
1.4 Mat á námi og velferð barna	4
1.6 Leiðarljós Kirkjugerðis	6
2. Sýn á nám leikskólabarna	6
3. Hugmyndafræði og útfærslur hennar	7
3.1 Hugsmíðahygga	7
3.2 Námsumhverfi	7
3.3 Könnunarleikur	8
3.4 Floorbooks aðferðarfræðin (Samvinnunámsbók)	8
4. Samstarf við fjölskyldu og næsta skólastig.....	9
4.1 Fjölskyldan og leikskólinn	9
4.2 Tengsl skólastiga.....	9
5. Grunnþættir menntunar	10
5.1 Læsi og samskipti.....	10
5.2 Heilbrigði og vellíðan	11
5.2.1 Hreyfing/útivera	11
5.2.2 Svefn og hvíld	11
5.2.3 Hreinlæti.....	11
5.2.4 Matmálstímar	12
5.3. Sjálfbærni og vísindi	12
5.4 Sköpun og menning.....	12
5.4.1 Sköpun.....	12
5.4.2 Menning	13
5.5 Lýðræði og jafnrétti	13

1. Um leikskólann Kirkjugerði

1.1 Saga og húsnæði

Leikskólinn Kirkjugerði var reistur 1974 fyrir gjafafé frá Hjálparstofnun Kirkjunnar. Hann var upphaflega tveggja deilda leikskóli. Árið 1976 var lítið hús reist á lóð leikskólans og nýtt sem ein deild. Árið 1991 var byrjað að byggja við leikskólann og árið 1994 hafði leikskólinn verið stækkaður um 563 fermetra. Árið 2018 var aftur byggt við Kirkjugerði og einni deild bætt við skólann, salur og kaffistofa starfsmanna voru stækkuð. Nýtt og stærra eldhús og vinnuástaða starfsmanna bætt. Kirkjugerði er í dag fimm deilda leikskóli með góðri starfsmannaaðstöðu.

Kirkjugerði var frá upphafi rekið sem hálf dagsleikskóli og komu börnin með nesti að heiman. Árið 1998 var farið að gefa kost á meiri sveigjaleika í vistun og bjóða nú allar deildar upp á sveigjanlegan vistunartíma og dvelja flest börn skólans 8 tíma eða lengur. Á svipuðum tíma var farið að bjóða uppá morgunmat, hádegismat og nónhressingu í leikskólanum. Leikskóladeildirnar okkar bera allar nöfn víka á Heimaey: Stafnsnes-, Kletts-, Kópa-, Presta- og Höfðavík.

1.2 Yfirstjórn

Fræðsluráð Vestmannaeyja fer með málefni leikskóla bæjarins og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði bæjarstjórnar. Fræðsluráð er skipað fimm kjörnum fulltrúum og fimm til vara. Framkvæmdarstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs er starfsmaður ráðsins og er hann jafnframt næsti yfirmaður fræðslufulltrúa. Fræðslufulltrúi er næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Framkvæmdarstjóri sviðsins er yfirstjórnandi en fræðslufulltrúi fer fyrir skólaskrifstofu Vestmannaeyja. Hlutverk framkvæmdarstjóra er að koma ákvörðunum fræðsluráðs í framkvæmd og að vera stefnumótandi fyrir skólaflokkana bæjarins. Einnig hefur skólaskrifstofan nokkru eftirlitshlutverki að gegna tengt lögum og mati á gæðum skólustarfsins. Þar eru einnig starfandi auk framkvæmdarstjóra ogfræðslufulltrúa, kennsluráðgjafar leik- og grunnskóla, sálfræðingur, og ráðgjafarþroskajálfi. Leikskólar bæjarins hafa aðgang að þessu fagfólki til ráðgjafar og einnig hvað varðar úrræði vegna sértækra þarfa nemenda.

1.2 Námskrá Kirkjugerðis

Námskrá leikskólans Kirkjugerðis byggir á aðalnámskrá leikskóla frá 2011, Lögum um leikskóla nr.90/2008, reglugerðum fyrir leikskóla, framtíðsýn í læsi og stærðfræði og Skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar.

Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólustarf. Námskráin fjallar um menntunar-,uppeldis- og umönnunarhlutverk leikskólans, kveður á um markmið og fyrirkomulag leikskólustarfs og ólíkar kröfur og réttindi. Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því marki sem þörf er talin á, auk þess að vera farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Á Kirkjugerði er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla og Námskrá Kirkjugerðis þar sem mikil áhersla er lögð á starfsaðferðir hugsmíðahyggjunnar en kjarninn í þeirri uppeldisstefnu er viðurkennandi samskipti, sjálfræði, lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti.

Tilgangur skólnámskrár er :

1. Að skipuleggja uppeldi og nám barna
2. Að stuðla að skilvirkara leikskólastarfi.
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra.

1.3 Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins skólaárs samkvæmt matsáætlun. Foreldraráð ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og fræðsluráð staðfestir hana.

1.4 Mat á námi og velferð barna

Með innra mati er átt við sjálfsmat leikskólans og skal það framkvæmt af starfsmönnum hans, en menntamálaráðuneytið hefur sett fram viðmið fyrir sjálfsmat. Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Markmið matsins er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara, annars starfsfólks og foreldra á þroska barna, námi þeirra og líðan. Mat á að vera einstaklingsmiðað því börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Sérfræðipjónusta sveitafélaga í leikskólum skal stuðla að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Hún veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk leikskóla telja þess þurfa. Þetta er gert til að geta veitt börnunum sem besta menntun, uppeldi og umönnun og umhverfi við hæfi. Mikilvægt er að mat byggi á samvinnu við foreldra þar sem þau búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu um sín eigin börn.

Notast er við fjölbreyttar matsaðferðir í Kirkjugerði til þess að það nái til skólastarfsins í heild. Meðal annars er notast við gátlista, staðlaða matslista, rafrænar foreldra og starfsmannakannanir þroskalista og skráningar. Einnig er stuðst við viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs sem skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar gaf út 2014.

Á deildarfundum, deildastjórafundum og starfsmannafundum fer fram mikilvægt mat sem nýtist til umbóta. Á þessum fundum skapast góðar og ganglegar umræður sem mikilvægar eru til að meta og þróa skólastarfið.

Mat á árangri og framförum er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur með því er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, hvernig stuðlað sé að námshvatningu sem örvar nemendur til framfara og hvernig metið sé hvaða aðstoð þeir kunna þurfa.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa stuðning í lengri eða skemmri tíma og eru þær námskrár endurskoðaðar með reglulegu millibili.

Áætlun um innra mat 2019-2023

Viðfangsefni	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		X	
Faglegt samstarf	X		X	
Leikskólaþróun og starfsþróun	X		X	
Skólanámskrá, starfsáætlun, umbótaráætlun og verklagsreglur	X	X	X	X
Uppeldis og menntunarstarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám-Lýðræði, janfrétti og þátttaka barna		X		X
Námssvið leikskólans	X	X	X	X
Leikskóli án aðgreiningar		X		X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	X		X	
Fagmennska starfsfólks	X		X	
Aðbúnaður starfsmanna	X		X	
Starfsánægja	X		X	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X		X
Velferð og líðan barna		X		X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		X		X
Viðhorf foreldra		X		X
Innra mat				
Framkvæmd		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X
Opinber birting og umbætur		X		X

Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi leikskólans sem gerð er af utanaðkomandi aðila. Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

1.6 Leiðarljós Kirkjugerðis

Jákvæður agi, gleði og félagsfærni.

Jákvæður agi:

Jákvæður agi felur í sér að setja barninu skýr mörk og einfaldar fáar reglur sem barnið á auðvelt með að fara eftir. Það felur í sér að barnið finnur til öryggiskenndar þegar það veit mörkin og finnur að hinn fullorðni ber umhyggju fyrir velferð þess. Jákvæður agi styður við að barnið læri smá saman eftir þroska og aldri sjálfsgaga sem öllum er mikilvægur til að takast á við mótlæti og erfiðleika. Jákvæður agi kennir barninu þá félagsfærni að sýna náunganum tillitsemi en eflir það jafnframt til sjálfræðis og að standa við eigin sannfæringu.

Gleði:

Börnin í leikskólanum Kirkjugerði eiga að njóta leikskóladvalar sinn í styðjandi leikskólaumhverfi sem einkennist af gagnkvæmri virðingu barna og fullorðinna og viðurkennandi samskiptum. En í slíku umhverfi er litið á börn sem sterka og hæfa einstaklinga og hafa leikskólakennarar trú á getu þeirra. Báðir aðilar sjá hvorn annan sem jafngilda einstaklinga með það að markmiði að barnið verði meðvitað um eigin getu, sjálfstæðara og umburðalyndara. Til þess verður barnið að fá frelsi til eigin hugsana og tilfinninga og að reyna hæfni sína við fjölbreytt viðfangsefni. Skapa á aðstæður þannig að börnin geti hjálpað sér sem mest sjálf og valið sér viðfangsefni eftir áhugahvöt hverju sinni. Kennarinn á að styðja við áhugahvöt barnsins og athafnagleði sem er drifkraftur barnsins í eigin þekkingarleit og eflingu sjálfstæðis.

Félagsfærni:

Félagsfærni er lærð hegðun þar sem hinn fullorðni er börnum mikilvægasta fyrirmyndin. Börn læra yrta og óyrta félagslega hegðun með því að fylgjast með því hvernig fullorðnir haga sér. Það að búa yfir góðri félagsfærni og vera flinkur í mannlegum samskiptum er mikilvægur mannlegur kostur. Með því að efla ábyrgð barna og gera þau meðvitaðri um gildi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta sín á milli, styrkjum við félaglega hæfni þeirra sem eykur lífsfærni þeirra til engri tíma.

2. Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stöð í námi og þroska.

Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Starfshættir leikskóla móta af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Leikurinn er meginnámsleið barna. Hann er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur þar sem þau leika sér á eigin forsendum og af frjálsum vilja. Leikurinn skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að virða sjónarmið annarra.

Í leiknum eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl.

Frjálsum leik er gefinn góður tími í dagskipulaginu í Kirkjugerði. Áhersla er lögð á að leikföng og efniviður séu opin og sveigjanleg svo að börnunum gefist tækifæri til að skapa óheft og frjálst. Í leiknum geta börnin unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast þannig nýjan skilning og þekkingu.

3. Hugmyndafræði og útfærslur hennar

3.1 Hugsmíðahyggja

Í Kirkjugerði er unnið eftir leikskólastefnu í anda hugsmíðahyggju en kjarni þeirrar stefnu er viðurkennandi samskipti, sjálfræði, lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti.

Í hugsmíðahyggjunni er litið svo á að barnið sé virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Barnið byggir upp sína eigin þekkingu, færni og viðhorf með því að setja fyrri reynslu í samhengi við það sem það upplifir hér og nú. Það leggur sína merkingu í hlutina og er sífellt að endurskoða skilning sinn á veröldinni. Börn hafa meðfædda tilhneigingu til þess að rannsaka umhverfi sitt, gera tilraunir og leika sér. Drifkraftur námsins er forvitni, áhugi, virkni og gleði.

Rík áhersla er lögð á fjölbreytt, opið og raunverulegt námsumhverfi sem styður við þroska og áhugahvöt barnsins.

Viðurkennandi samskipti eru grundvallaratriði í hugsmíðahyggju. Í því felst að virðing er borin fyrir barninu og bernskunni. Hugmyndir barna eru virtar og kennarar takmarka vald sitt og stýringu.

Rík áhersla er lögð á sjálfshjálp og virka þátttöku barnanna í daglegum athöfnum og leik. Kennarinn lítur á ágreining í barnahópum sem tækifæri til að efla félags- og siðgæðisvitund barnanna og leiðbeina þeim um að finna lausn á vandamálum er koma upp hverju sinni.

Kjarni hugtaksins sjálfræði er sú skynjun barnsins að það hafi ákveðið vald til að taka ákvarðanir um vissa þætti í eigin lífi. Sjálfræði byggist upp innra með barninu og einungis í gegnum samvinnu við hina fullorðnu. Barnið þarf að fá tækifæri til þess að æfa sig sjálft og læra af mistökunum og sigrum. Þegar það finnur að því er treyst tekur það frekar ábyrgð á eigin hegðun. Barnið þróa þannig með sér sjálfstæða dómgreind og siðferðiskennd. Dæmi um sjálfræði er þegar barn fer í vettlinga til þess að verða ekki kalt en ekki vegna kröfu frá kennaranum.

Nám án aðgreiningar er haft að leiðarljósi í leikskólastarfinu. Í því felst að komið er til móts við þarfir sérhvers einstaklings og jafnræðis gætt í starfi með börnunum.

Samkvæmt hugsmíðahyggjunni læra börn best með því að framkvæma upp á eigin spýtur, í raunverulegum aðstæðum og með raunverulega hluti. Hlutverk kennarans er mikilvægt í þessu sambandi og felst í því að vera styðjandi við nemendur, hvetja þá og leiðbeina við námið. Kennarinn skal sjá til þess að börnin fái nægan tíma og rými til að leika sér, þróa leikinn og dýpka hann.

3.2 Námsumhverfi

Börn í leikskóla læra bæði innandyra sem og utandyra. Þar gefast fjölbreytt og margvísleg tækifæri til náms. Skipulag og nýting námsumhverfis endurspeglar þau gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Leikurinn er aðal náms- og þroskaleið barnsins og því er mjög mikilvægt að skipuleggja leiksvæðin þannig að næði gefist til leikja. Einnig er mikilvægt að geta breytt leiksvæðum eftir náms-, leik- og þroskaþörfum barnahópsins.

Í leiknum byggir barnið upp þekkingu, æfir samskipti og vinnur úr reynslu sinni. Með því að hafa nokkur leiksvæði innan leikstofunnar eflum við sjálfræði barnsins við að velja sér viðfangsefni eftir áhuga hverju sinni og við hverja það leikur. Börnin hafa greiðan aðgang að leikefni og efnivið þannig að þau geti auðveldlega hjálpað sér sjálf og hvert öðru. Kennarar leggja sig fram um að börnin fái krefjandi og skemmtileg viðfangsefni sem reyna á mismunandi færni.

Í Kirkjugerði eru allar deildir með ákveðið grunnleikefni sem er aðgengilegilegt og sýnilegt börnunum í glærum kössum merkt með myndum og stöfum. Einnig er leikefni í sameign allra deilda sem hægt er að skiptast á að hafa inni á deildum viku í senn. Þannig er passað upp á fjölbreytt og skapandi leikumhverfi.

Nærumhverfi Kirkjugerðis býður upp á mikla möguleika til vettvangsferða og heimsókna í hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir bæjarins. Stutt er í náttúruna, fjöll, hella, hóla og fjöru.

3.3 Könnunarleikur

Yngstu börn leikskólans fara í könnunarleik einu sinni í viku. Könnunarleikurinn fer þannig fram að safnað hefur verið saman í poka alls konar endurnýtanlegum hlutum s.s. keðjum, lykklum, dósum, efnisbútum, boxum, lokum og klemmum. Sá fullorðni raðar upp hlutunum fyrir hvert barn og eftir það hefst leikurinn. Börnin fylla, tæma, setja saman, stafla, para, raða, draga, hrista, velja og hafna.

Í leiknum fá börnin tækifæri til að kanna og rannsaka hlutina á eigin forsendum. Þau gera ýmsar tilraunir og prófa hvaða eiginleikum hlutirnir eru gæddir. Einbeiting barnanna eflist og forsendur að lausnum myndast. Engin niðurstaða er rétt eða röng. Í gegnum könnunarleikinn þroska börnin með sér einbeitingu, athyglisgáfu og samskiptahæfni. Þá er málþroskinn örvaður t.d. þegar unnið er með mismunandi form og stærðir.

Hlutverk starfsfólksins er að fylgjast með leiknum og nýta tímann í að rannsaka leik barnanna m.t.t. þátttöku, færni og samstarfhæfni þeirra.

3.4 Floorbooks aðferðarfræðin (Samvinnunámsbók)

Í Kirkjugerði er Floorbooks aðferðarfræðin notuð í hópastarfi á öllum deildum Skoski kennarinn Dr. Clair Warden þróaði Floorbook aðferðarfræðina og setti sínar kenningar um aðferðarfræðina fram í bókinni „ Talking and Thinking Floorbook Approach“ 1994.

Floorbook aðferðarfræðin hvetur barnið til að vera virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Drifkraftur þekkingarleitarinnar er forvinti og leikur barnsins. Barnið er hvatt til að ígrunda, skrá og skipuleggja viðfangsefnið hverju sinni og hafa áhrif á eigin námsframvindu.

Floorbook má í raun lýsa sem skráningarferli samvinnunámsbókar um hugmyndir og nám barnahópsins við könnun á sameiginlegu áhugasviði eða þema.

Kennarinn þarf að vera vakandi yfir því hvað börnin hafa áhuga á hverju sinni og koma með kveikjur af samvinnuverkefni sem styrður við áhugasvið barnahópsins. Einnig getur kennarinn kveikt áhuga barnahópsins með ákveðnu þema sem unnið er að í ákveðin tíma.

Kennarinn útbýr samræðukistil (talking tubs) með kveikjum sem ýta undir ígrundun og samræður um viðfangsefnið. Kveikjurnar geta verið myndir og hlutir sem tengjast áhugasviði barnahópsins eða þema. Börnin og kennarinn skoða hlutina og myndirnar og ræða saman um hvað þau vita um viðfangsefnið. Kennarinn hvetur börnin til ígrunda hugmyndir sínar með því að spyrja þau opinna spurninga Kennarinn skrásetur hugmyndir barnanna , þau teikna myndir af því sem þau eru að hugsa um og segja hvert öðru frá. Einnig geta börnin skráð hugsanir sínar með því að klippa út myndir og líma í bókina og skrifa sjálf um það sem unnið er að.

Börnin geta síðan rifjað upp sem þau hafa lært um viðfangsefnið með því að skoða bókina og ræða um hvað þau gerðu í þessu samvinnuverkefni.

Aðferðarfræðin er kölluð Floorbooks vegna þess að vinna við bókina fer fram að mestu á gólfinu þar sem börnin hafa greiðan aðgang að bókinn

4. Samstarf við fjölskyldu og næsta skólastig

4.1 Fjölskyldan og leikskólinn

Á Kirkjugerði er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum.

Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins eru mikilvægir liðir í því að hafa heildarsýn á velferð og líðan barna.

Við sýnum fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Tökum vel á móti öllum börnum og foreldrum svo að allir finni sig velkomna í leikskólann. Markmið okkar er að allir upplifi vingjarnlegt viðmót og traust. Mikilvægt er að mynda gott traust á milli leikskóla og heimilis. Báðir aðilar verða að geta deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Lögð er rík áhersla á að barnið skynji öryggi og gott viðmót þar sem það getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl.

Þegar barn byrjar í aðlögun er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Foreldrum gefst þá tækifæri til að kynna sér starfshætti, hugmyndafræði og námsskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, þroska og áhugasvið.

Mörg leikskólabörn þurfa sérstaka aðstoð við að efla ákveðna þroskaþætti í lengri eða skemmri tíma.

Á Kirkjugerði er unnið samkvæmt sérstakri móttökuáætlun þegar börn af erlendum uppruna hefja leikskólagöngu sína. Markmiðið með áætluninni er að barnið fái þau verkfæri sem það þarf til þess að gera sig skilnanlegt við starfsmenn leikskólans á meðan það er að tileinka sér íslenskuna.

Einnig er fjallað um í áætluninni hvernig samskiptum og upplýsingastreymi milli forelda og skóla er háttað.

Í leikskólanum ríkir fullur trúnaður um allar nauðsynlegar upplýsingar er varða barnið og foreldra þess. Öllum starfmönnum er skylt að gæta þagmælsku um alla þá vitneskju sem þeir fá í starfi sínu. Starfsfólk leikskólans undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi.

Ef kennari telur að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt, ber honum að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda Vestmannaeyja sbr. 13. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Á haustin er haldinn foreldrafundur þar sem farið er yfir vetrarstarfið sem framundan er og dagskipulag leikskólans rætt. Árlega að vori eru foreldraviðtöl þar sem deildarstjóri fer með foreldrum yfir félagslega stöðu barnsins og almennan þroska. Foreldrar geta þó alltaf óskað eftir viðtali við leikskólastjóra eða deildastjóra. Foreldrum er einnig boðið nokkrum sinnum á ári á ýmsar uppákomur s.s. opið hús, foreldrakaffi, sumarhátíð, útskrift og fleira. Á upplýsingatöflum, Facebooksíðum deilda, tölvupóstum og heimasíðu leikskólans geta foreldrar séð hvað börnin eru að fást við daglega og einnig hvaða viðburðir eru framundan.

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og er fundað eftir þörfum hverju sinni. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann. Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem kemur að faglegu starfi leikskólans og kynnir sér meðal annars árlega starfsáætlun skólans.

4.2 Tengsl skólastiga

Elstu börnin á leikskólanum útskrifast frá Kirkjugerði og fara á Víkina leikskóladeild í Hamarsskóla.

Undirbúningur fyrir þennan flutning fer fram með því að fyrst eru deildastjórar elstu barnanna borðaðir í viðtal við stjórnendur Víkurinnar til að miðla upplýsingum um barnahópinn og stöðu sérkennslubarna sem verða væntanlegir nemendur næsta skólaár í Víkinni. Markmið með upplýsingagjöf á milli deildastjóra Kirkjugerðis og Víkurinnar er að stuðla að því að mismunandi þörfum nemanda Kirkjugerðis verði mætt á Víkinni og stjórnendur Víkurinnar geti gert sértækar ráðstafanir til undirbúnings.

Foreldrum barnanna er boðið ásamt börnum sínum í heimsókn á Víkina síðdegis til að kynna sér starfsemi Víkurinnar.

Elstu börnunum á leikskólanum er boðið tvo daga að vori í morgunheimsókn í Víkina á skólatíma þar sem þau fá innsýn inn í starf og daglega rútiínu á Víkinni. Markmið með heimsóknum barna og foreldra þeirra á Víkina er að gera foreldra og börn örugg í umhverfinu og undirbúa þau undir hvers má vænta við upphaf leikskólagöngu á Víkinni.

5. Grunnþættir menntunar

Börn læra í leik og daglegu starfi, innan dyra sem utan. Þau læra að vinna með öðrum börnum og fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms svið leikskólans eiga að vera samofin öllu starfi í leikskólanum og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Starfsemi leikskólans er margþætt og tekur á mörgu er varðar daglegar venjur s.s. matartímum, klósettferðum, eða skipulögðum stundum af kennara.

5.1 Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámsskrá leikskóla 2011/42).

Í Kirkjugerði birtast læsi og samskipti í öllu leikskólastarfi þar sem börnin eru hvött til að tjá sig. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Þau nota ekki einungis tungumálið, heldur nota þau ýmis konar hljóð, snertingu, látbragð og myndmál. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja og túlka eigin tilfinningar og annarra. Börnin læra að hlusta á hvert annað og kennarann, sýna hvert öðru tillitsemi og þolinmæði. Þannig er grunnurinn lagður að vináttu meðal barnanna. Notaðar eru ýmsar leiðir til tjáningar eins og söngur, hreyfing, myndsköpun, samræður og lestur bóka.

Í Kirkjugerði er ritað mál haft sýnilegt t.d. með því að hafa nöfn barnanna á hólfunum þeirra og einnig eru ýmsar hirslur og leikfangakassar merktir með ritmáli. Þetta er þáttur í að vekja löngun barnanna til að læra að lesa og skrifa.

Á öllum deildum er notað samræmt sjónrænt dagskipulag sem farið er yfir með börnunum. Einnig er lögð áhersla á að auðvelda öllum að lesa í umhverfið með sjónrænum vísbendingum.

Yndislestur fer fram á hverjum degi á öllum deildum í litlum hópum og jafnframt eru bækur aðgengilegar börnum. Daglega eru söngstundir á deildum og einu sinni í mánuði er fagnaðarfundur í sal þar sem börnin koma saman og syngja.

Samkvæmt verkferlum ber starfsmönnum að leggja orð á athafnir í öllum þáttum daglegs lífs. Málrækt og samskipti eru því samofin í allt leikskólastarfið s.s. í fataherbergi, matartíma, hópastarf o.s.frv.

Leikskólinn er kominn í hóp metnaðarfullra leikskóla sem nota Lubbaefni markvisst í leikskólastarfinu en það leggur áherslu á íslensku málljóðin. Starfsmenn hafa lokið námskeiði því til staðfestingar og hafa þegar innleitt Lubbatákn og hljóðmyndanir í allt starf leikskólans í heild. Náms efnið býður upp á nýja framsetningu á íslensku málljóðunum og leggur góðan grunn að lestrarnámi auk þess sem það stuðlar að betri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð.

Yfir skólaárið er unnið með eitt málljóð í hverri viku sem hvert er táknað með litlum og stórum bókstaf. Öll málljóðin eiga sér ákveðið tákni en með því að tengja hljóð við táknræna hreyfingu auðveldar það börnunum að læra það og muna. Hverju málljóði fylgir lag sem börnin æfa á deildum. Á þennan hátt hefur verið aukið markvisst vinnuna við hugtakaskilning og fyrsta stig læsis.

Hluti af vinnunni með Lubbaefnið er að á eldri deildum skiptast börnin á að vera bókaormur í viku í senn. Börnin fara með Bókaormaspjald með sér heim á miðvikudegi og skila því næsta fimmtudag og koma með í leikskólann eina af þeim bókum sem lesnar voru heima í vikunni.

Markmiðið með þessu er tvíþætt annars vegar að efla áhuga barna á bókalestri og að stuðla að því að foreldrar og börn eigi gæðastund saman yfir bókalestri.

Frá og með skólaárinu 2019-2020 verður unnið með aðferðarfræði í hópastarfi á öllum deildum sem nefnist Floorbook. Það má segja að þessi aðferðarfræði snúist meira og minna um læsi og samskipti því það eru börnin sem leiða, skipuleggja og skrá þekkingaferlið á eldri deildum. Barnahópurinn vinnur saman og ákveður í sameiningu undir handleiðslu kennara hvað viðfangsefni verðir skoðað og hvaða leiðir verði farnar til að öðlast meiri þekkingu um viðfangsefnið hverju sinni.

Á yngri deildum verður einnig unnið með Floorbooks aðferðarfræðina en eðli málsins samkvæmt krefst það meiri stjórnunar og meira einstaklingsmiðaðri vinnubragða af hálfu kennarans.

Á yngstu deildunum er einnig verið að vinna með könnunarleikinn þar sem börnin læra að hjálpast að, skiptast á og leysa úr ágreiningi upp á eigin spýtur.

5.2 Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla er mikilvægt að skapa jákvætt og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Í Kirkjugerði er lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl og mikilvægi holls mataræðis, hvíldar, hreinlætis og hreyfingar. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskólans en mikið er lagt upp úr traustum og nánum tengslum milli kennara og barna og áhersla lögð á jákvæð samskipti barnanna á milli.

5.2.1 Hreyfing/útivera

Hreyfing er sameiginlegur leikur sem skapar meðal annars tækifæri til að þjálfa hreyfifærni, bæta líkamshreysti, eignast vini, auka félagslega færni og sjálfstraust. Í Kirkjugerði er hreyfiþörf virt og örvuð og börn læra að þekkja og skynja líkama sinn. Allar deildir Kirkjugerðis eiga einn dag í viku í hreyfisal leikskólans. Þar fara börnin í skipulagða hreyfingu af ýmsu tagi.

Í útiveru er mikil hreyfing á börnunum, leiksvæðið er stórt og býður upp á að efla hreyfifærni á fjölbreyttan hátt. Þar fá þau tækifæri til að hreyfa sig óheft, fá útrás og aukið þol. Farið er reglulega í lengri eða styttri vettvangs- og gönguferðir og fá börnin mikla þjálfun við það. Öll börn fara út 1-2var á dag ef veður leyfir. Þau allra yngstu fara kannski ekki út ef veður er mjög slæmt. En æfingin skapar meistarann og eftir því sem á veturinn líður verða þau stöðugri, kjark meiri, hærrí í loftinu og betur í stakk búin til að takast á við margbreytileika útiverunnar. Að öðru leyti má segja að alls staðar í leikskólastarfinu sé lögð áhersla á að æfa fín- eða grófhreyfingar.

Það felast miklar forvarnir í aukinni útiveru. Lasleiki leikskólabarna er oftast vegna sýkinga en u.þ.b. 30% slíkra sjúkdóma má rekja til þrengsla innanhúss. Rannsóknir sýna að börn sem leika sér úti í náttúrunni eru hraustari og hafa meiri einbeitingu og hreyfigetu en jafnaldrar þeirra sem leika sér að mestu innandyra.

5.2.2 Svefn og hvíld

Svefn og hvíld er börnum mikilvæg í erli dagsins. Hegðun barnanna, heilsufar og lífspróttur mótast mjög af því hversu vel og reglulega þau sofa og hvílast í dagsins önn. Svefnvana og þreytt börn eru illa á sig komin andlega og líkamlega. Þau eru oft lystarlaus, viðkvæm, vanstillt og mótþróa- og árásgjörn. Að hádegisverði loknum fá öll börn á leikskólanum tækifæri til að hvíla líkamann eftir þörfum hvers einstaklings, læra að slaka á og finna ró. Starfsfólk leggur áherslu á að sýna börnunum umhyggju og alúð svo þau upplifi öryggi í umhverfi þar sem þeim líður vel.

5.2.3 Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna og eru börnin hvött til sjálfshjálpar. Starfsfólk tekur mið af hverju barni fyrir sig og rík áhersla er lögð á að nærgætni og hlýja sé í fyrirrúmi.

Á yngstu deildunum eru börnin að læra að halda sér þurrum og leggjum við því ríka áherslu á að gæta þess að það ferli gangi vel fyrir sig með jákvæðni og umhyggju. Hreinlætis er gætt í hvívetna og börnin látin þvo hendur og andlit fyrir og eftir máltíðir.

Á eldri deildum er lögð rík áhersla á handþvott og mikilvægi þess að vera ekki með puttana upp í sér.

5.2.4 Matmálstímar

Í aðalnámsskrá leikskóla eigi börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti og hollt mataræði en góð næring er undirstaða þess að börnunum líði vel. Þó svo að staðgóðar og næringarríkar máltíðir séu mikilvægar gegnir matmálstíminn og umgjörð hans einnig öðru mikilvægu uppeldishlutverki. Áhersla er lögð á að börnin læri að hjálpa til við undirbúning og frágang máltíða, læri reglur um hreinlæti og almenna borðsiði, læri að skammta sér sjálf viðeigandi skammta á diskana, öðlist þekkingu á hvað er hollt og hvað er óhollt, fræðist um mikilvægi fæðuhringsins og læri að smakka nýjar fæðutegundir. Þannig styrkist félagsþroski og samvinnuhæfni barnanna. Börn sem alast upp við góðar matarvenjur og verða frekar meðvituð um mikilvægi hollustu til frambúðar.

5.3.Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni.

Sjálfbærni birtist einnig í áherslum hugsmíðahyggjunnar. Áhersla er lögð á að efla sjálfræði barnsins sem er undirstaða þess að barnið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir og hafi tamið sér skapandi og lausnamiðaða hugsun.

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Börn þurfa að kynna og upplifa náttúruna, læra að umgangast hana af ábyrgð, virðingu og skynsemi. Í umhverfi Kirkjugerðis er margt að skoða og stutt í fjölbreytta náttúru s.s. hraun, hella, kletta, móa og hafið. Við leggjum mikla áherslu á að börnin þekki sitt nærumhverfi og geti notið þess á jákvæðan hátt í vettvangsferðum og fái tækifæri til að þekkja örnefni, menningu og samfélagið auk þess að fræðast um náttúru og dýraríki landsins.

Á leikskólanum er lögð rík áhersla á að ganga vel um umhverfi sitt og halda nánast umhverfi sínu hreinu, nýta verðlaust efni, endurnýta og nota minna. Einnig er stöðugt verið að vinna með rökhugsun barna, efla talna- og hugtakaskilning, rýmis- og tímaskyn. Í daglegu starfi notum við þau tækifæri sem gefast til stærðfræðilegra vangaveltna s.s. umræður um hvað þarf marga diska, glös eða hnífapör þegar barnið aðstoðar í matartíma.

Við spilum og teningaspil eða formspil eru tilvalin til að efla stærðfræðilæsi þeirra. Þúsl er t.d. kjörið til að vinna með rýmis- og rökhugsun. Þá læra börnin einnig ýmis hugtök, að telja, að hver tala segir til um ákveðinn fjölda, bæta við, taka af, skipta á milli, þekkja hin ýmsu form og fyrstu tölustafina. Vettvangsferðir eru tilvaldar til að skoða ýmis form og efla hugtakaskilning barna og oft gaman að gera ýmis konar tilraunir með efnivið náttúrunnar s.s. sand, vatn, snjó og mold.

5.4 Sköpun og menning

5.4.1 Sköpun

Barnamenning leikskólans er samofin öllu starfi og tengist leik barnanna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er einn af mikilvægustu þáttum náms, leiks og þroska barna. Það er því hlutverk leikskólans og umhverfi þess að örva og styðja við sköpunarkraft þeirra. Sköpun í leikskóla á

fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar að hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Í Kirkjugerði er lögð áhersla á að efniviður til sköpunar sé fjölbreyttur og aðgengilegur börnunum. Kennarar ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og gera barninu kleift að nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Sköpunarverkum barnanna er sýnd virðing og þau eru höfð til sýnis í skólanum.

Í Kirkjugerði fer myndsköpun fram bæði innan og utandyra. Við reynum að nýta endurvinnanlegt efni, sem til fellur í náttúrunni og nærsamfélaginu, til að vinna með. Við leggjum áherslu á að efla bæði fín- og grófhreyfingar og samhæfingu augna og handa. Þá er efniviður hafður fjölbreyttur s.s. ýmis konar litir, málning, leir, perlur, þrykk, ull og sandur. Lögð er áhersla á góðan aðgang að pappír, skriffærum, litum, skærum til þess að veita börnum fjölbreytt tækifæri í myndsköpun. Í sköpun vinna börnin bæði verkefni tengd ákveðnu þema eða frjálst.

Á hverjum degi er sungið í samverustundum eða farið með þulur og kvæði. Börnin læra að hreyfa sig, slá og klappa í takt, og við syngjum með ýmiskonar blæ og tónhæðum, klöppum með mismundandi styrk og svo hlustum við á ýmis tónverk, sögur og fleira. Lögð er mikil áhersla á að börnin kunni gömul sem ný lög sem tengjast Vestmannaeyjum, sögu eyjanna og menningu. Einu sinni í mánuði höldum við fagnaðarfund í salnum okkar með því að syngja og gleðjast saman.

Á hverjum degi er lesið fyrir börnin í sögustund. Rík áhersla er á að bjóða upp á fjölbreytt úrval vandaðra barnabókmennta sem eru menntandi og mannbætandi en efla auk þess málvitund og ímyndunarafli. Meðan börnin hvíla sig er algengt að hlustað sé á tónlist eða hljóðbækur með sögum eða leikritum.

5.4.2 Menning

Vestmannaeyjar eiga sterka sögu og ríka menningu. Við leggjum mikla áherslu á að hún glattist ekki. Á hverju ári er unnið með hefðir og sögu samfélagsins s.s. eldgos á Heimaey, þrettándann, goslok, Þjóðhátíð Vestmannaeyja, að ógleymdum lundapysjunum. Þá höldum við einnig upp á og vinnum með menningu Þjóðfélagsins s.s. þórrann, fiska- og fuglalíf, Þjóðhátíðardaginn, aðventuna og fleiri atburði sem tengjast heimabyggðinni og Þjóðfélaginu öllu.

Leikskólinn býr það vel að hafa dvalarheimili aldraðra, Hraunbúðir, í næsta nágrenni. Elstu börn skólans fara þangað reglulega og syngja fyrir og með heimilisfólkinu. Þarna skapast mikilvæg samskipti og skemmtilegt og fræðandi spjall á milli ungra og aldraðra. Leikskólabörnin fara einnig í heimsóknir í hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir í bænum. Má þar m.a. nefna, bókasafnið, Sæheima, Eldheima, Sagnheima, lögreglu- og slökkviliðsstöð, leikhús bæjarins.

5.5 Lýðræði og jafnrétti

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.

Lítið er á börnin sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þau fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið. Börnin eru hvött til að taka virkan þátt í samræðum, hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum. Kennarar hlusta á skoðanir barnanna og leiða umræðurnar áfram með opnum spurningum þar sem svarið krefst íhugunar og örvar gagnrýna hugsun.

Í Kirkjugerði er áhersla lögð á að barnið fái ríkuleg tækifæri á að velja sér leikefni og viðfangsefni sem höfðar til margskonar áhugasviða.

Börnin fá tækifæri til að skiptast á skoðunum, finna lausnir og miðla málum. Við leggjum áherslu á umhyggju, tillitsemi og sam hjálp meðal allra í leikskólanum og reynum að nýta tækifæri sem gefast til að fjalla um samkennd og hluttekningu í annarra garð

Í hópastarfinu er lögð áhersla á að vinna saman í hópi en jafnframt að tryggt sé að allir fái fjölbreytt verkefni við hæfi sem efla frumkvæði og stuðla að sjálfræði og sjálfstæði barnanna.

Allt er þetta liður að því að gera börnin að nýtum þjóðfélagsþegnum sem virða lýðræði og jafnrétti í þjóðfélaginu.

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að þörfum sérhvers einstaklings sé mætt og allir njóti sama réttar, fái sama viðmót, hvatningu og örvun óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Lokaorð

Þessi námskrá er endurskoðuð námskrá leikskólans Kirkjugerðis frá skólaárinu 2017-2018.

Helstu breytingar sem gerðar voru á fyrri námskrá eru þær að ákveðið var á skólárinu 2018-2019 að hafa hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar að leiðarljósi í faglegu starfi Leikskólans Kirkjugerðis frá og með skólárinu 2019-2020.

Því þurfti að aðlaga fyrri námskrá að hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar þannig að hún endurspeglaði áherslur hugsmíðahyggjunnar í starfsaðferðum leikskólans.

Í þessari námskrá er sett fram langtímaáætlun um innra mat sem ekki var í eldri námskrá. Matsáætlunin er til skólaársins 2022-2023. Henni er skipt í fimm matsþætti sem eru: **stjórnun uppeldis og menntunarstarf, mannauður, leikskólabragur og innra mat**. Í þessari matsáætlun kemur fram að endurskoða skal þessa námskrá árlega.

Starfsmenn leikskólans ásamt fulltrúa foreldraráðs og fræðslufulltúa lásu námskrána yfir á vinnslustigi og lögðu sitt af mörkum til að koma námskránni í það form sem hér birtist.

Það er von mín að skólanámskráin varpi skýru ljósi á þær áherslur og starfsaðferðir sem liggja til grundvallar faglegu starfi á Leikskólanum Kirkjugerði.

Bjarney Magnúsdóttir
Leikskólastjóri Kirkjugerðis

Sigríður Ása Friðriksdóttir
Formaður Foreldraráðs

Grétar Eypórsson
Ritari Foreldraráðs

Rósa Jónsdóttir
Meðastjórnandi Forleðraráðs

